


MÍNAR SÍÐUR – LOKAÐ SVÆÐI Á VEF FÉLAGSINS

Á vormánuðum munu Mínar síður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga líta dagsins ljós en um er að ræða lokaðar síður félagsmanna þar sem rafræn sjálfsafgreiðsla fer fram.

Til að fá aðgang að slíku lokuðu svæði þarf Íslykil eða rafræn skilríki en margir félagsmenn hafa þegar orðið sér úti um lykil til þess að komast á orlofsvefinn. Síðurnar verða aðgengilegar á vef félagsins og munu allir fullgildir félagsmenn FÍH geta nýtt sér þær. Við hönnun útlits hefur sérstaklega verið hugað að því að viðmótið sé aðgengilegt á öllum skjástærðum og verður því einnig auðvelt að nýta sér þjónustuna á snjallsímum sem og spjaldtölvum. Viðmótið lagar sig einfaldlega að því tæki sem nýtt er.

Mínar síður verða þó nokkur aukning við sjálfsafgreiðslumöguleika á vefnum en hingað til hefur verið mögulegt að sækja þar um styrki á rafrænu formi. Með Mínum síðum verða allir rafrænir möguleikar sameinaðir á einum stað, og



þar geta félagsmenn sinnt erindum sínum sjálfir hvenær sem er sólarhringsins. Þetta er því mikil viðbót við þjónustu félagsins.

Á síðunum verður meðal annars gefinn kostur á að uppfæra netfang og símanúmer og þarf því ekki að huga að því að hringja í félagið eða senda póst til að koma slíkum upplýsingum á framfæri.

Rafrænar umsóknir félagsins verða fluttar inn á þetta lokaða svæði, og munu félagsmenn geta sótt þar um styrki í starfsmenntunarsjóð og styrktarsjóð. Auk þess verður hægt að fylgjast með ferli umsókna á sínu svæði, fá upplýsingar um nýtingarmöguleika sjóða og eins sjá hversu mikið búið er að nýta af styrkjarmöguleikum innan almanaksársins.

Áhugaverð viðbót við þjónustuna er sú að upplýsingar um eldri umsóknir verða líka aðgengilegar á Mínunum síðum, það er að segja yfirlit yfir þær upphæðir sem félagsmenn hafa fengið greiddar úr sjóðum félagsins og hvenær greiðslurnar hafa átt sér stað. Þetta á einnig við um vísindasjóð en árlega er úthlutað úr A-hluta sjóðsins til allra þeirra hjúkrunarfræðinga sem eru félagsmenn í FÍH og voru starfandi samkvæmt kjarasamningi félagsins fyrir 31. desember árið fyrir úthlutun.

Orlofsvefurinn verður óbreyttur að því undanskildu að aðgengi að honum verður inni á Mínunum síðum. Þetta er þáttur í því að sameina alla rafræna sjálfsafgreiðslu undir einum hatti.

Þegar fram í sækir munu auk þess allar viðhorfskannanir og kosningar á vegum félagsins fara fram á Mínunum síðum en tilkynningar um slíkar kannanir og kosningar munu berast félagsmönnum með tölvupósti. Það verður því æ mikilvægara að allar upplýsingar, eins og t.d. netfang, séu réttar í skráum félagsins en eins og fram kemur hér á undan verður auðvelt fyrir hvern og einn að uppfæra slíkar upplýsingar.

Nánari umfjöllun um Mínan síður og leiðbeiningar varðandi þær verða birtar á vef Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Facebook-síðu þegar útgáfudagur Minna síðna nálgast.

Aðgangur að Mínunum síðum

Til að fá aðgang að Mínunum síðum þarf að hafa annað tveggja: Íslykil frá island.is eða rafræn skilríki. Íslykill er flestum félagsmönnum kunnur en hann hefur verið notaður sem aðgangsslykill að orlofsvef félagsins síðan síðastliðið sumar.

Hafi maður ekki Íslykil er hægt að fá hann sendan í heimabanka, í bréfpósti á lögheimili eða í sendiráð sé viðkomandi búsettur á erlendri grundu. Ef Íslykill týnist þarf að panta nýjan lykil en það er gert með sama hætti.

Rafræn skilríki er hægt að fá í bönkum, sparisjóðum og hjá Auðkenni. Hægt er að fá skilríkin í síma og á snjallkort. Áður er þó mikilvægt að tryggja að símkort símans styðji rafræn skilríki. Styðji símkortið ekki skilríkin er hægt að fá slíkt símkort hjá símafyrirtækjum.

Við hvetjum félagsmenn til að verða sér út um Íslykil eða rafræn skilríki hafi þeir ekki gert það nú þegar.